

Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir

Útbreiðsla bóklestrar-lystarinnar á Íslandi Lestrarfélög og bókasöfn um aldamótin 1800¹

Um lestrarfélög

Stofnun lestrarfélaga í Evrópu var hluti af starfsemi vísindafélaga upplýsingaraldarinnar. Fyrstu lestrarfélögin voru bundin við borgir og bæi þar sem samgöngur voru góðar en seinna varð þátttaka í lestrarfélagi ein helsta leið fólks í dreifbýli til að nálgast bækur. Elstu félögin voru stofnuð í Englandi og Þýskalandi á 17. öld en útbreiðsla þeirra varð fyrst almenn í kjölfar iðnbyltingarinnar og þéttbýlismyndunar. Félagar í lestrarfélögunum voru fræðimenn, embættismenn og menn úr efri stéttum þjóðfélagsins. Í Danmörku, sem var undir sterkum þýskum áhrifum, var blómatími slíkra félaga á tímabilinu 1770-1830. Eftir það urðu þau algengari meðal almennings og breiddust út um sveitirnar.²

Lestrarfélög greindust í nokkrar mismunandi gerðir. Meginmunurinn fólst í því hvort bókakaupin voru fjármögnuð með frjálsum framlögum félagsmanna og bækurnar töldust síðan eign hópsins, eða hvort einstaklingur eða fyrirtæki átti bókakostinn og lánaði bækurnar gegn gjaldi.³ Þar sem félagsmenn greiddu árgjald til lestrarfélagsins þróuðust bæði bóklestrarfélög þar sem bækurnar voru gefnar eða seldar til að kaupa nýjar og félög sem komu sér upp bókasöfnum sem félagsmenn gátu sótt í þegar þeim hentaði.

Íslendingar og lestrarfélög

Íslensk birtingarmynd vísindafélaga upplýsingarstefnunnar voru Lærdómslistafélagið, Landsuppfræðingarfélagið og síðar Bókmenntafélagið. Félagsmenn þeirra lögðu mikla áherslu á bóka- og tímaritaútgáfu til

¹ Aukið hefur verið við greinina frá því að fyrirlesturinn var haldinn.

² Sjá m.a. *Encyclopedia of Library and Information Science*. 1969- . N.Y. : Dekker. – Nielsen, Helge. 1960. *Folkebibliotekernes forgængere : oplysning, almue- og borgerbiblioteker fra 1770erne til 1834*. Udgivet af Danmarks Biblioteksforening. Kbh. : Dansk bibliografisk kontor.

³ Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir. 1996. *Hin Möllersku bókasafns- og lestrarfélög geistlegra í 14 prófatsdæmum á Íslandi*. Óprentuð MA-ritgerð í bókasafns- og upplýsingafræði. S. 8.

uppfræðingar og skemmtunar en stofnun lestrarfélaga var ekki á stefnuskrá þeirra. Margir Íslendingar kynntust hins vegar starfsemi lestrarfélaga í Danmörku og fluttu slíkar hugmyndir með sér heim.

Þátttaka Íslendinga í menningarfélögum og lestrarfélögum í Danmörku hefur ekki verið athuguð sérstaklega, en vitað er að Finnur Magnússon prófessor var meðlimur í lestrarfélaginu Clio, sem var stofnað 1815 í Kaupmannahöfn. Þetta var nokkurs konar klúbbur, þar sem menn hittust, lásu og ræddu hugðarefni sín, en einnig var boðið upp á billjard og spil. Þessi tvöfalda starfsemi varð til þess að félagið klofnaði 1821 og eldri mennirnir stofnuðu nýtt félag sem kallað var Nordia en hinir yngri sneru sér að spilunum.⁴

Eitt þekktasta lestrarfélagið í Kaupmannahöfn var Athenæum en tilgangur þess var að útvega meðlimunum aðgang að innlendum og erlendum blöðum og tímaritum og áhugaverðum ritum. Það var dýrt að vera í Athenæum og þangað sóttu virtir prófessorar, aðalsmenn og háttsettir embættismenn, en mörg önnur lestrarfélög í svipuðum anda voru stofnuð í Kaupmannahöfn, t.d. meðal stúdenta við háskólann, og voru sum mjög pólitísk eða frjálslynd.⁵

Athenæum var reyndar ekki stofnað fyrr en 1824, og talið er að Þorleifur Guðmundsson Repp hafi verið einn af aðalhvátamönnum að stofnun þess. Í því voru m.a. Vigfús Erichsen og nokkrir aðrir Íslendingar, og talið er að Baldvin Einarsson hafi einnig verið félagsmaður.⁶ Magnús Stephensen sem dvaldist í Kaupmannahöfn 1825-26 segir frá því í *Ferðarollu* sinni að hann hafi þann 31. janúar 1826 gengið í Athenæum, félag til bóklestra, og betalað ríkisbankadal fyrir einn mánuð. Í febrúar 1826 fór Magnús alloft þangað og tilgreinir lauslega í dagbókinni hvað hann hafi verið að lesa og stundum hverja hann hafi hitt.⁷

Fyrstu íslensku lestrarfélögin voru stofnuð allmiklu fyrr en það voru *Hið íslenska bókasafns- og lestrarfélag Suðurlands*, stofnað 1790, og *Hið norðlenska bóklestrarfélag* stofnað 1792.

Helstu forkólfarnir í Suðurlandsfélaginu voru allir þekktir upplýsingarmenn og má þar nefna Hannes biskup Finnsson, Árna Helgason stiftsprófast í Görðum á Álftanesi, séra Markús Magnússon, Magnús Stephensen amtmann o.fl. Félagssvæðið var ákaflega stórt, náði frá Borgarfirði allt austur í Rangárvallasýslu, og gekk erfiðlega að láta

⁴ Nielsen, Helge. 1960. S. 456.

⁵ Nielsen, Helge. 1960. S. 448.

⁶ Nanna Ólafsdóttir. 1961. *Baldvin Einarsson og þjóðmálastarf hans*. Rv. : Hið íslenska bókmenntafélag. S. 103-104.

⁷ Magnús Stephensen. 1962. *Ferðarolla Magnúsar Stephensen*. [Jón Guðnason sá um útg.] Rv. : Bókfellsútg.

bækurnar ganga rétta boðleið milli manna, þrátt fyrir ítarlegar reglur þar um. Talið er að félagið hafi klofnað eða að annað félag hafi verið stofnað eingöngu fyrir Reykjavík og nágrenni rétt eftir aldamótin 1800. Hafi þessi félög síðan runnið saman aftur 1805, og þá verið gerðar lagabreytingar þannig að starfsemin var ekki sú sama og áður. Eftir 1810 lagðist allt félagsstarf niður og var bókunum komið fyrir í geymslu, en þær síðan seldar og rann afraksturinn að lokum til Stiftsbókasafnsins í Reykjavík árið 1830.⁸

Hið Norðlenska bóklestrarfélag

Hið Norðlenska bóklestrarfélag var stofnað 1792 og var Stefán Þórarinnsson, amtmaður á Möðruvöllum, einn af stofnendum þess. Í grein sem birtist í *Riti Lærdómslistafélagsins* 1794 segir Stefán frá stofnun félagsins og þar eru einnig prentuð lög þess.⁹ Lög Suðurlandsfélagsins voru birt í sama riti 1796.

Í greininni gerir Stefán tilraun til að svara spurningu Lærdómslistafélagsins um hver séu þau „vissustu hjálparmedöl til að útbreiða bóklestrarlystina á Íslandi” og setur fram hugmyndir sínar um þau mál.

Hann skiptir íbúum landsins í embættismenn annars vegar og almúga eða bændastétt hins vegar. Hann telur að ósk félagsins um aukinn lestur hljóti allteins að beinast að síðari stéttinni, sem sé mikill meirihluti landsmanna. En þar sem enginn girnist það sem hann ekki þekki og að fæstir Íslendingar þekki nokkuð að ráði til bóka og lestrar sé erfitt um vik. Þeir fáu Íslendingar sem stundi vísindi séu eins og sjaldgæfir fuglar.

Flestir prestanna, sem telji stærstan hluta embættismannanna, lesi helst „forn guðfræðarit og postillur” af því þeir þekki ekki annað. Bændastéttin lesi helst húslestrarbækur, fornsögur, ævintýri og rímur og hafi alist upp við þann kost. Hann telur að til að auka lestraráhuga þurfi sömu meðöl og til að auka þekkingu og skynbragð þjóðarinnar á lærdómsvísindum, þ.e. auka og útbreiða lærdóm, vísindi og almenna upplýsingu.

⁸ Páll Lúðvík Einarsson. 1987. *Hið íslenska bókasafns- og lestrarfélag Suðurlands*. Óprentuð BA-ritgerð í bókasafnsfræði og sagnfræði. - Bæði félögin og fleiri af elstu lestrarfélögunum hafa fengið talsverða umfjöllun í: Lúðvík Kristjánsson. 1993. *Vestlendingar 1*. 2. útg. Hafnarfirði : Skuggsjá. S. 125-88. En einnig má vísa í: Helgi Magnússon. 1990. Fræðafélög og bókaútgáfa. Í: *Upplýsingin á Íslandi : tíu ritgerðir*. Rv. : Hið íslenska bókmenntafélag. S. 196-97 og Grímur Helgason. 1974. Haldið til haga : Hið austfirzka lestrarfélag. *Bókasafnið* 1(2): 40-43.

⁹ Stefán Þórarinnsson. 1794. Hugleidingar um Hiálpar-medöl til at útbreida Bóklestrarlyst á Íslandi ... *Rit Lærdómslistafélags* 13: 229-50.

Niðurstaða hans er því sú að sömu aðferðir hljóti að duga hér á landi og hjá öðrum siðuðum þjóðum. Hann nefnir nýja skólaskipan, útgáfu kennslubóka og aukna tungumálakennslu, sérstaklega í dönsku. Ennfremur ræðir hann um nauðsyn á stórbættri menntun presta því menntun og fræðsla almennings byggist að miklu leyti á því hverju þeir geti miðlað, þeir séu fyrirmyndin. Og ef þeir breyti ekki um lesefni og leiti sér þekkingar, sé ekki við því að búast að almenningur geri það.

Þá nefnir Stefán útgáfu hentugs fræðslurits fyrir almúgann, Almúgafræðarann, sem gefa mætti út í heftum að danskri fyrirmynd, auk andlegrar fræðibókar fyrir unglinga. Síðan reifar hann hugmyndir um stofnun lítilla bókasafna í hverri sýslu þar sem fróðleikspyrstir úr bændastétt geti fengið lánaðar hentugar bækur. Hann gerir ráð fyrir að opinberir aðilar muni með gjöfum eða gjafafé koma slíkum söfnum á fót og að bókalánin verði ókeypis. Einnig bendir hann á að kirkjur landsins gætu keypt eins og eitt rit árlega, og þá helst *Rit Lærdómslistafélagsins*, og látið ganga milli sóknarbornanna. Það myndi einnig styðja útgáfu félagsins.

Hins vegar telur Stefán að bóklestrarfélög séu hentugasta og ódýrasta leiðin fyrir heldri menn og lærða því þannig geti þeir valið sér bækur til lestrar og uppbyggingar. Hann segir í greininni frá Norðlenska bóklestrarfélaginu, sem þá hafði 21 félagsmann, og samþykktum þess og hvetur menn til að feta í fótsporin. Stofnun slíks félags sé ódýrasta leiðin til að nálgast lesefni. Kostnaður hvers félagsmanns sé ekki teljandi því fyrir árstillagið geti þeir lesið miklu fleiri bækur en þeir geti keypt fyrir sama fé og fái bækur eða peninga til baka. Hann tekur sem dæmi lestrarfélag með 30 meðlimum. Hver þeirra geti árlega lesið bækur sem séu 30 ríkisdala virði og fái endurgjald í bókum eða peningum þegar bækurnar verða seldar. Hann telur þetta miklu vænlegri byrjun en að stofna svokölluð leigubókasöfn, þar sem menn geti leigt sér bækur, því þar sé leigan vegna einnar bókar álíka og árstillag í lestrarfélagi, og hann dregur jafnvel í efa að slíkt fyrirkomulag geti gengið þar sem Ísland sé svo strjálbýlt sem raun ber vitni. Ágóðavon þess sem stofnaði slíkt safn væri og lítil meðan löngun manna til bóklestrar sé ekki meiri en raun beri vitni.

Samþykktir Norðlenska bóklestrarfélagsins sem birtar eru í *Riti Lærdómslistafélagsins* eru í 14 greinum og þar kemur fram að félagið starfi í þremur sýslum norðanlands, Eyjafjarðar- (Vaðla-), Skagafjarðar- og Húnavatnssýslu.¹⁰ Tilgangur félagsins var að hvetja til bóklestra og upplýsingar á þessum landsvæðum.

¹⁰ Samþykktirnar eru birtar sem fylgiskjal hér aftan við og færðar til nútímastafsetningar.

Félaginu skyldi stýra forstöðumaður og var sá fyrsti Stefán Þórarinnsson, en hann skyldi tilnefna tvo forstjóra í hverri sýslu. Stefán var jafnframt annar forstjóranna í sinni sýslu. Forstjórnir stýrðu sínu sýslufélagi og pöntuðu m.a. bækur fyrir það, en félagsmenn gátu einnig haft áhrif á bókapantanirnar. Forstöðumaður hafði það hlutverk að samræma bókakaupin og úrskurða í þeim málum sem forstjórnir leituðu til hans með.

Fyrsta árgjaldið var tveir ríkisdalir en einn eftir það og skyldu forstjórnir standa félagsmönnum reikningsskil. Ákvæði voru um að ef pöntun einnar sýslu misfærist þá bæru hinar ekki skaða af. Félagsmenn þeirrar deildar höfðu hins vegar leyfi til að lesa bækur úr hinum sýslunum það árið. Nýjar bækur skyldu fyrst lesnar í þeirri sýslu sem pantaði þær en síðan af hinum félögum og átti umgangi bókana að ljúka á einu ári. Ekki mátti lána utanfélagsmönnum bækurnar, og félögum var uppálagt að fara vel með bækurnar að viðlögðum sektum.

Eftir að bækurnar höfðu verið lesnar skyldi selja þær á opinberu uppboði og skipta þeirri upphæð sem inn kæmi milli þeirra félagsmanna sem greiddu upphaflega fyrir þær. Þeir sem gengu úr félaginu gátu lesið þær bækur sem pantadar voru það árið. Brot á reglunum gat varðað áminningu og jafnvel brottrekstri úr félaginu.¹¹

Norðlenska bóklestrarfélagið í Húnavatnssýslu

Í handritadeild Landsbókasafns Íslands–Háskólabókasafns hefur varðveist útdráttur úr gjörðabók þess hluta félagsins sem starfaði í Húnavatnssýslu og afrit af uppboðsbók.¹² Stofnfélagar 1792 voru tólf og eru þeir nafngreindir. Ísleifur Einarsson sýslumaður Húnavetninga hefur fært bækurnar, og má gera því skóna að hann hafi verið forstöðumaður félagsins þó það sé ekki alveg ljóst af handritinu. Einn félaganna lést og árið eftir greiddu ellefu til félagsins. Þrjú bættust við 1794 og einn nýr kom inn 1795. 1796 og 1797 greiða tólf til félagsins. Samkvæmt reikningi komu alls inn 89 ríkisdalir þessi sex ár.

Taldar eru upp þær bækur sem keyptar voru á þessu tímabili. Fyrsta árið voru keyptir níu titlar, en færri eftir það, en sum ritin voru í mörgum bindum. Bækurnar voru um aðskiljanleg málefni og meðal höfunda má nefna Alexander Pope, Isaac Newton og Voltaire. Bækurnar voru á dönsku

¹¹ Sjá einnig: Sveinn Pálsson. 1983. *Ferðabók Sveins Pálssonar : dagbækur og ritgerðir 1791-1797, 1.* Rv. : Örn og Örlygur. S. 137.

¹² Lbs. JS. 545, 4to. Lög og skýrslur Lestrarfélags Eyfirðinga, Skagfirðinga og Húnavetninga, þess er stofnað var 1792.

og flestar eftir danska höfunda en athygli vekja nokkrir franskir höfundar og hafa menn greinilega verið að bera sig eftir nýjustu straumum. Heimspæki, listir og vísindi er aðalefni bókana auk ýmissa yfirlitsrita.

Í samræmi við lög félagsins var haldið bókauppbod þann 30. júní 1795 á Þingeyrum og seldar bækur sem keyptar voru tvö fyrstu árin. Af því mætti álykta að þær hafi verið búnar að ganga á hinum félagssvæðunum. Á uppboðinu var ákveðið að engin bók skyldi seljast fyrir minna en helming innkaupsverðsins. Fyrir bækurnar fengust 18 ríkisdalir og 6 skildingar og fékk hver eftirlifandi stofnfélagi endurgreiddan 1 ríkisdal og 61 skilinga. Nokkrar bókana fóru fyrir herra verð en þær voru keyptar fyrir, t.d. bók Newtons, *Observationes upon the prophecies of Daniel, and the Apocalypse of St. John* í danskri þýðingu.

Annað uppboð var haldið 16. júlí 1799 og þá voru seldar bækur keyptar árin 1794–96. Þau ár voru keyptar bækur fyrir 43 ríkisdali og 2 skildinga en þær seldust fyrir meira en hálf verð eða 28 ríkisdali og 32 skildinga. Lengra nær handritið ekki, en félagið virðist því enn starfandi 1799 en ekki er vitað hvenær starfsemi var endanlega hætt.

Lestrarfélag í Skagafjarðarsýslu

Í sama skjalapakka í handritadeild Lbs-Hbs, sem áður er getið, er einnig varðveitt afskrift af lögum og gjörðabók annars félags, sem stofnað var 2. nóvember árið 1805 í Skagafirði.¹³ Þá komu saman á Flugumýri sýslumaðurinn Jón Espólín, nokkrir prestar og faktor Jakob Havsteen, til að semja lög fyrir félagið.

Lögin eru í níu greinum og svipar í ýmsu til laga Norðlenska bóklestrarfélagsins en annað er frábrugðið. Tekið er fram að félagið skuli einungis ná til Skagafjarðarsýslu til að fyrirbyggja of mikið umstang og vanskil við umgang bókana. Jón Espólín var kosinn forstöðumaður og Jakob Havsteen gjaldkeri og verkefni þeirra talin upp. Gert var ráð fyrir að félagsmenn hittust a.m.k. einu sinni á ári og árgjaldið ákveðið einn ríkisdalur. Dreifa átti bókunum þannig að ekki væru allar í einu hjá sama félagsmanni og ekki mátti lána mönnum sem ekki voru í félaginu. Bækurnar skyldu boðnar upp og seljast hæstbjóðanda þegar allir félagsmenn hefðu lesið þær og peningunum síðan skipt á milli þeirra. Í 9. gr. eru ákvæði um að vilji einhver félagsmaður gefa út rit, sérstaklega í sagnfræði, þá muni félagið hjálpa til við útgáfuna. Almennur félagsfundur skuli ákveða hvaða rit eigi að styðja.

¹³ JS. 545, 4to.

Fyrsta árið voru pantaðir tíu titlar og þar af blaðið *Berlinske Aviser*, bók um dýralækningar, *Mosaiske Ret* eftir Johann David Michaelis, sem einnig var keypt af Húnavatnssýslufélaginu, ævisögur m.a. Napóleons Bonaparte og frásögn um frönsku byltinguna.¹⁴ Í september 1806 var aftur fundur og þá voru meðlimirnir orðnir 19. Taldar eru upp þær bækur sem komu úr pöntuninni frá árinu áður, alls átta titlar af tíu. Umgangur bókanna var ákveðinn, þeim skyldi skipta í tvo hluta og ganga sína leiðina hvor, og einnig var ákveðið að hver meðlimur hefði bækurnar í um það bil mánuð.

Ákveðið var að panta 11 titla fyrir næsta ár, m.a. um sagnfræði, dýrafræði og guðfræði auk ævisagna. Athygli vekur að ein bók fyrir börn er pöntuð og ein bók um uppeldismálefni.¹⁵

21. september 1807 var samkoma í Viðvík og aftur 27. október. Ákveðið var að panta sextán titla fyrir árið 1808. Það eru enn ævisögur, rit um sagnfræði, náttúrufræði, læknisfræði og meira um barnauppleði. Á listanum er einnig skrá yfir nýjar útgáfur sem væntanlegar voru í Danmörku. Bækurnar eru allar á dönsku og flestir höfundanna danskir. Meira er um blöð og tímarit en hjá Húnavatnssýslufélaginu. Ennfremur var ákveðið að panta ekki fyrir 1809, en láta bækurnar fyrir 1808 ganga eftir nýrri reglu, sem gerð er grein fyrir, og að láta fylgja seðil með hverri bók þar sem félagsmenn kvittuðu fyrir móttöku og lestri. Síðast í handritinu er klausa um að allir félagslimir sendi forstandara útlesnar bækur til þess að þær séu allar saman safnaðar þegar uppboð verði haldið.

Jón Espólín minnst á lestarfélagið í ævisögu sinni og í *Árbókunum*. Í ævisögunni kemur fram að 2. nóvember 1805 hafi félagið verið stofnað heima hjá honum, eins og stendur í handritinu, og hann nafngreindir Pétur prófast á Miklabæ, prestana Jón Jónsson, Jón Konráðsson, Bjarna Jónsson á Mælifelli, Jakob Havsteen verslunarstjóra á Hofsósi og Gottskálf Egilsson silfursmið. Hann nefnir einnig að fleiri sem unnu bókvísi hafi tekið þátt í stofnun félagsins.¹⁶ Í lok umfjöllunar um árið 1805 í *Árbókunum* er þessi

¹⁴ Michaelis, Johann David 1780-83. *Mosaiske ret*. København. Það er forvitnilegt að þessi bók var keypt í báðum félögum og einnig keyptu nær öll Möllersku lestrarfélögin hana fjórum áratugum seinna. Efni hennar er um lög gyðinga. Eintak af henni er til í Lbs-Hbs.

¹⁵ Hallager, Morten. 1799. *Samling av eventyr til en behagelig tidsfordriv for børn og børnevenner i ledige timer*. København. – Bech, Fredrik Julius. 1792. *Veiledning til at opdrage en sund, fornuftig, duelig og lykkelig afkom*. Tronhjem. (2. útg. kom út í Kaupmannahöfn 1796.)

¹⁶ Jón Espólín eftir sjálfan hann. 1951. *Merkir Íslendingar : ævisögur og minningargreinar*, 5. Þorkell Jóhannesson bjó til prentunar. Rv. : Bókfellsútg. S. 204.

klausa: „Þá var lestrar félag sett í Skagafirði, en annat var fyrr í Húnavatns þingi medan Ísleifr hafði þar sýslu ...”¹⁷

Um miðjan maí 1806 flutti Jón Espólín frá Flugumýri að Viðvík og þessi klausa er í ævisögunni: „Þá var 8. sept. bókafélagsfundur að sýslumanns í Viðvík.”¹⁸

Árið 1811 segir Espólín: „Var þá fátt annað að telja, nema lestrarfélagsbækur þær voru seldar, er sýslumaður stóð fyrir í Skagafirði, því félagið í Danmörku viðhélzt eigi sökum styrjaldarinnar.”¹⁹

Við athugun á heimildum um þessi tvö félög vakna ýmsar spurningar. Var Skagafjarðarfélagið algjörlega nýtt félag, ný deild í norðlenska félaginu eða endurlífgun deildarinnar sem starfaði í Skagafirði? Einnig má velta fyrir sér hvort norðlenska félagið hafi aldrei náð sér á strik nema í Húnavatnssýslu. Höfundur er ekki kunnugt um frumheimildir frá Skagafirði eða Eyjafirði nema greinina í *Riti Lærdómslistafélagsins* 1794 og lögin. Í greininni segir Stefán meðlimi Norðlenska bóklestrarfélagsins vera 21. Í gjörðabók félagsins í Húnavatnssýslu eru tólf félagar nafngreindir fyrsta árið (1792) en ellefu næsta ár. Líklegra verður að telja að hinir níu eða tíu hafi verið í hans eigin sýslu, eða Eyjafirði, en ólíklegra er að þeir hafi dreifst bæði í Skagafjörð og Eyjafjörð. Það styddi tilgátu um að engin deild hafi náð fótfestu í Skagafirði og að þar hafi ekki verið stofnað lestrarfélag fyrr en 1805.

Lög Skagafjarðarfélagsins eru nokkuð frábrugðin lögum Norðlenska bóklestrarfélagsins sem bendir til þess að þarna sé um nýtt félag að ræða, en félagsgerðin, þ.e. að bækurnar voru seldar, bendir til tengsla við það. En þó lögin séu ekki eins, þá má einnig hugsa sér að af fenginni 12-13 ára reynslu hafi menn séð ástæðu til að gera breytingar og bendir orðalag 1. gr. til þess: „Skal félagið ekki ganga út fyrir Skagafjarðarsýslu, svo að fyrirbyggð verði of mikil umönnun og vanskil...”²⁰ Þau ákvæði Norðlenska bóklestrarfélagsins að bækur skyldu ganga í öllum deildunum hljóta að hafa valdið erfiðleikum og töfum, auk þess sem afföll hafa verið meiri.

Í ævisögu Ara Arasonar, fjórðungslæknis, er rakið að í austanverðu Húnaþingi hafi verið stofnað og starfrækt lestrarfélag og að nokkrir menntamenn, sem bjuggu vestarlega í Skagafjarðarsýslu, hafi verið meðlimir í því. Skagafirðingar hafi síðan stofnað annað lestrarfélag árið 1805 að ráði Jóns Espólíns sýslumanns og Ara en það ár bjuggu þeir báðir á

¹⁷Jón Espólín 1942–47. *Íslands Árbækur í sögu-formi*. Rv. (Ljóspr. eftir frumútg., Kbh. 1821–1855.) 12. deild. S. 4.

¹⁸Jón Espólín. 1951. S. 205.

¹⁹Jón Espólín. 1951. S. 226-26.

²⁰JS. 545, 4to.

Flugumýri.²¹ Þarna er eflaust vísað til deildar Húnavatnssýslu í Norðlenska bóklestrarfélaginu og klausan gæti gefið til kynna að engin deild hafi verið sett á fót í Skagafirði. Lúðvík Kristjánsson telur hins vegar að deild Skagfirðinga hafi með fullri vissu liðið undir lok 1805 og vísar þá eflaust til stofnunar nýja félagsins.²² Heimildir um þetta eru því óljósar.

Athyglisvert er að nafn Ara læknis er ekki að finna meðal stofnfélaga í afskrift þeirri sem varðveist hefur í handritadeild Lbs.-Hbs. Espólín nefnir hann heldur ekki meðal stofnfélaga í ævisögunni en rekur hins vegar ýmis önnur viðskipti þeirra. Því þarf að kanna betur bréfasöfn t.d. Ara og Espólíns til að freista þess að fá betri vitneskju um þetta atriði.

Þá er einnig vert að athuga að Jón Espólín og Stefán Þórarinsson voru hálfbræður og talsverður samgangur milli þeirra. Ekki er ólíklegt að Stefán hafi hvatt Espólín til að stofna lestrarfélag, þegar hann gerðist sýslumaður Skagfirðinga 1802, hafi ekkert verið áður í Skagafirði, eða þá að endurreisa skagfirska hluta norðlenska félagsins, hafi hann einhvern tíma starfað.

Allt eru þetta vangaveltur en aðalatriðið er að menn voru að reyna eftir bestu getu að útvega sér lesefni, til skemmtunar og umfram allt til uppfærðingar.

Vakning um stofnun lestrarfélaga um aldamótið 1800

Ljóst er að kringum aldamótin 1800 verður talsverð vakning til að stofna lestrarfélög og eflaust hefur grein Stefáns og birting samþykka Suðurlands- og Norðurlandsfélagsins orðið mönnum hvatning til að hefjast handa.

Auk þeirra félaga sem áður er sagt frá, á Suðurlandi, í Reykjavík, á Norðurlandi og í Skagafirði, er vitað um tilraun til að stofna lestrarfélag á síðasta áratug 18. aldar á Vesturlandi. Hannes biskup Finnsson baðst undan því í bréfi til Ólafs Sveinssonar á Ballará á Skarðsströnd í Dalasýslu að taka að sér formennsku í lestrarfélagi sem menn voru að undirbúa þar um slóðir árið 1795.²³ Ekki er vitað hvort af þessari félagsstofnun varð.

Árið 1801 var stofnað lestrarfélag í Barðastrandarsýslu, sem nefnt var Barðastrandarsýslulestrarfélag eða Lestrarfélag þarflegra danskra bóka, og starfaði það í sex ár en lognaðist þá út af. Helsti hvatamaður að stofnun

²¹ Sigurður Ólafsson. 1952. Ari Arason fjórðungslæknir : 1763-1841. Í:

Skagfirðingaþættir. Rv. : Sögufélag Skagfirðinga. (Skagfirzk fræði ; 9.) S. 90-91.

²²Lúðvík Kristjánsson. 1993. S. 128.

²³ Páll Lúðvík Einarsson. 1987. S. 48-49, 67. Hugsanlega er þarna um að ræða Barðastrandarsýslulestrarfélagið.

Þess var Guðmundur Scheving kaupmaður. Það var endurreist 1817 og starfaði þá til 1822, og þá var Ólafur Sívertsen síðar prófastur í Flatey féhirðir þess. Barðastrandarsýslulestrarfélagið var enn endurreist 1836 í tengslum við Flateyjar framfarastofnun Ólafs og konu hans Jóhönnu Friðrikku.²⁴

Á öðrum áratug 19. aldar starfaði lestrarfélag á Djúpavogi, en ekki er mikið um það vitað. Ebeneser Henderson, sem dvaldi hér á landi 1814–1815, segir frá því í ferðabók sinni að hann hafi gist á Djúpavogi á heimili Jóns Stephensens verslunarstjóra. Jón var ekki heima, en í herbergi því sem Henderson fékk til umráða var allstórt bókasafn lestrarfélags. Henderson dáðist að félaginu og gerði sér grein fyrir nytsemi þess að lestrarfélögum yrði komið á fót sem víðast, en taldi að vanda þyrfti bókavalið og útiloka þær bækur sem gætu haft slæm áhrif á siðferði fólksins. Hann harmaði að stóru lestrarfélögin á Suðurlandi og Norðurlandi skyldu lögð niður.²⁵

Það er freistandi að gera ráð fyrir að fleiri tilraunir hafi verið gerðar og jafnvel að fleiri félög hafi komist á fót, þótt ekki hafi fundist heimildir um þau. Þessar fyrstu tilraunir með lestrarfélög sem stóðu yfir frá 1790-1810/15 áttu það sammerkt að vera skammæjar, og það voru embættismenn, prestar, kaupmenn og aðrir frammámenn sem stóðu að þeim. Eftir þetta tók við fimmtán til tuttugu ára tímabil þar sem lítið verður vart við starfsemi lestrarfélaga fyrr en Möllersku lestrarfélögin fyrir presta voru stofnuð 1833.²⁶

Fyrstu tvær tilraunirnar tengjast valdamiðstöðvum, sem voru að myndast í landinu, eða amtmönnunum í Reykjavík og nágrenni og í Eyjafirði. Þar hefðu átt að vera bestu aðstæðurnar til að þróa þessa gerð frjálsra félaga. En líklega hafa menn færst of mikið í fang, félagssvæðin verið of stór og félagar margir og dreifðir. Hugsunin á bak við sem flesta félagsmenn var eflaust sú að þá fengjust inn meiri peningar og því yrði hægt að kaupa fleiri og fjölbreyttari bækur. Á móti kom að embættismenn og menntamenn voru dreifðir og því gekk verr að láta bækurnar ganga á milli eftir því sem félagsmönnum fjölgaði.

Fyrstu lestrarfélögin virðast hafa starfað með ýmsum hætti. Greinilegt er að lítið var á bækurnar sem verðmæti og eitthvað sem væri

²⁴ Lúðvík Kristjánsson. 1993. S. 125-188.

²⁵ Henderson, Ebeneser. 1957. *Ferðabók : frásagnir um ferðalög um þvert og endilagt Ísland árin 1814-1815 með vetursetu í Reykjavík*. Rv. : Snæbjörn Jónsson. S. 137. – Sjá einnig Eiríkur Sigurðsson. 1970. Undir Búlandstindi. Í: *Austurland : safn austfrizkra fræða ; 7*. Akureyri : Norðri. S. 37-39.

²⁶ Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir. 1996. – Sjá einnig Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir. 1997. Upphaf og þróun lestrarfélaga. Í: *Sál aldanna : íslensk bókasöfn í fortíð og nútíð*. Rv. : Háskólaútgáfan. S. 25-35.

torfengið, og því hafi menn talið nauðsynlegt að setja félögunum allítarleg lög, til að verja eignina. Bæði þekktist að komið var á fót bókasöfnum og einnig að bækurnar voru seldar og andvirðið gekk aftur til félagsmanna. Í félögunum á Suðurlandi, í Reykjavík og Barðastrandarsýslu var ætlunin að koma á fót bókasafni, en ekki í Norðurlandsfélaginu né í Skagafirði. Á Djúpavogi virðist hafa verið til bókasafn en ekki er vitað um Vesturlandsfélagið. Sum síðari tíma lestrarfélög fóru eftir reglum Suðurlandsfélagsins sem eru mjög nákvæmar, en fyrirmyndir þeirra eru taldar hafa verið sóttar til danskra upplýsingarmanna.²⁷

Seinni tíma lestrarfélög, sem heimildir hafa varðveist um, stefna í flestum tilfellum að því að koma sér upp bókasafni. Þó eru dæmi um að bækur voru boðnar upp og seldar, t.d. ef rekstur félags gekk illa eða ef geymslupláss vantaði.²⁸ Engu að síður var hin félagsgerðin vel þekkt og má því álykta að sú aðferð að selja bækurnar, þannig að ekkert safn myndaðist, hafi ekki hugnast mönnum hér á landi. En vegna þess hve lítið er um heimildir um slík félög má einnig hugsa sér að ekki hafi þótt ástæða til að geyma pappíra eða skjöl um þau, þar sem þeirra var ekki þörf eftir að bækurnar voru seldar og búið að gera upp við alla félagsmenn.

Aðstæður voru heldur ekki hagstæðar. Eins og áður er vitnað til kemur fram í ævisögu Jóns Espólíns árið 1811 að félagið í Danmörku hafi ekki viðhaldist sökum styrjaldarinnar. Hvort hann á þar við Skagafjarðarfélagið sjálft eða eitthvert félag, bókafélag eða útgáfufélag, sem skipt var við í Danmörku, er ekki ljóst. Ólafur Sívertsen prófastur í Flatey kemst svo að orði eftir fyrsta tímabil Barðastrandarsýslulestrarfélagsins að „...aðþrengjandi styrjaldartímar 1807–1813 hafi að vonum svæft þessa mennta- og framfaraviðburði, eins og svo marga aðra”.²⁹ Þarna er átt við ófrið Dana og Englendinga eftir Napóleonsstyrjaldirnar þar sem Danir biðu lægri hlut. Jón Espólín rekur einnig í *Árbókum* sínum hve erfiðar allar aðstæður voru á þessum tíma. Sambandsleysi við Kaupmannahöfn, gengisfelling og illt árferði hefur valdið því að menn gáfust upp og reyndu ekki aftur fyrr en jafnvægi komst á.³⁰

En stofnun fyrstu lestrarfélaganna er fyrir margra hluta sakir mjög merkileg. Menn bindast samtökum og reyna að ná sér í lesefni til að afla sér

²⁷ Páll Lúðvík Einarsson. 1987. S. 40.

²⁸ Sjá t.d. um Lestrarfélag Langdæla í Jón Jónsson. 2003. Lestrarfélög fyrir almenning. Í: *Alþýðumenning á Íslandi 1830-1930 : ritað mál, menntun og félagshreyfingar*. Ritstjórar Ingi Sigurðsson og Loftur Guttormsson. Rv. : Háskólaútg. S. 176-78.

²⁹ Lúðvík Kristjánsson. 1993. S.. 130.

³⁰ Jón Espólín 1942–47. *Íslands Árbækur í sögu-formi*. Rv. (Ljóspr. eftir frumútg., Kbh. 1821–1855.) – Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir. 1996. S. 15.

þekkingar. Erfiðar aðstæður sem ekki varð ráðið við verða hins vegar til þess að framfaraviðleitnin koðnaði niður.

Athugasemd

Athuganir á þessum tveim lestrarfélögum norðanlands byggjast á örfáum heimildum, sem ekki ber að öllu leyti saman. Ekki er ólíklegt að fleiri heimildir liggi í skjalasöfnum, sérstaklega norðanlands, þó höfundur sé ekki kunnugt um þær. Upplýsingar um slíkt eru vel þegnar og sendist á netfangið <mailto:iss@hi.is>

Heimildir

Prentaðar heimildir:

- Encyclopedia of Library and Information Science*. 1969-. N.Y. : Dekker.
- Grímur Helgason. 1974. Haldið til haga : Hið austfirzka lestrarfélag. *Bókasafnið* 1(2): 40-43.
- Helgi Magnússon. 1990. Fræðafélög og bókaútgáfa. Í: *Upplýsingin á Íslandi : tíu ritgerðir*. Rv. : Hið íslenska bókmenntafélag. S. 196-197.
- Henderson, Ebeneser. 1957. *Ferðabók : frásagnir um ferðalög um þvert og endilangt Ísland árin 1814-1815 með vetursetu í Reykjavík*. Rv. : Snæbjörn Jónsson.
- Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir. 1997. Upphaf og þróun lestrarfélaga. Í: *Sál aldanna : íslensk bókasöfn í fortíð og nútíð*. Rv. : Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, Háskólaútgáfan. S. 25-35.
- Jón Espólín 1942–47. *Íslands Árbækur í sögu-formi*. Rv. (Ljóspr. eftir frumútg., Kbh. 1821–1855.)
- Jón Espólín eftir sjálfan hann. 1951. *Merkir Íslendingar : ævisögur og minningargreinar, 5*. Þorkell Jóhannesson bjó til prentunar. Rv. : Bókfellsútg.
- Jón Jónsson. 2003. Lestrarfélög fyrir almenning. Í: *Alþýðumenning á Íslandi 1830-1930 : ritað mál, menntun og félagsshreyfingar*. Ritstjórar Ingi Sigurðsson og Loftur Guttormsson. Rv. : Háskólaútg. S. 176-78.
- Lúðvík Kristjánsson. 1993. *Vestlendingar 1*. 2. útg. Hafnarfirði : Skuggsjá.
- Magnús Stephensen. 1962. *Ferðarolla Magnúsar Stephensen*. [Jón Guðnason sá um útg.] Rv. : Bókfellsútg.
- Nanna Ólafsdóttir. 1961. *Baldvin Einarsson og þjóðmálastarf hans*. Rv. : Hið íslenska bókmenntafélag.

- Nielsen, Helge. 1960. *Folkebibliotekernes forgængere : oplysning, almue- og borgerbiblioteker fra 1770erne til 1834*. Udgivet af Danmarks Biblioteksforening. Kbh. : Dansk bibliografisk kontor.
- Sigurður Ólafsson. 1952. Ari Arason fjórðungslæknir : 1763-1841. Í: *Skagfirðingabættir*. Rv. : Sögufélag Skagfirðinga. (Skagfirzka fræði ; 9.)
- Stefán Þórarinsson. 1794. Hugleidingar um Hiálpar-medöl til at útbreida Bóklestrar-lyst á Islandi ... *Rit Lærdómslistafélags* 13: 229-250.
- Tómas Sæmundsson. 1832. *Island fra den intellectuelle Side betragtet*. Kiöbenhavn. S. 10-11.

Óprentaðar heimildir:

www.gegnir.is

www.rex.kb.dk

- Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir. 1996. *Hin Möllersku bókasafns- og lestrarfélög geistlegra í 14 prófastsdæmum á Íslandi*. Júní 1996. Óprentuð MA-ritgerð í bókasafns- og upplýsingafræði. JS. 545, 4to. Lög og skýrslur Lestrarfélags Eyfirðinga, Skagfirðinga og Húnvetninga, þess er stofnað var 1792.
- Páll Lúðvík Einarsson. 1987. *Hið íslenska bókasafns- og lestrarfélag Suðurlands*. Jan. 1987. Óprentuð BA-ritgerð í bókasafnsfræði og sagnfræði.
- ÞÍ. Skjalasafn prófaste : Suðurmúlaþing II, 1, E. Skjöl um Möllers lestrarfélag í Múlasýslum 1833-1842.
- ÞÍ. Biskupsskjalasafn. Bps. C. III. 20, s. 475, nr. 259 Journal 247. Bréf biskups til prófastanna Guttorms Thorsteinssonar, Guttorms Pálssonar og Þórarins Erlendssonar dags. 15. maí 1832.

Þessar eru þær samþykktir er hið Norðlenska bóklestrarfélag í þeim 3 sýslum, Vaðla-, Skagafjarðar- og Húnavatns- hafa undirgengist að halda, sem sitt óumbreytanlegt grundvallarlögmál.

1. Áform félagsins er, að frama lyst til bóklestra og upplýsing hjá mönnum í téðum landshéruðum.
2. Félagið á jafnan að hafa sér einn forstöðumann; er sá nú um tíma þess höfundur amtmaðurinn Stefán Þórarinsson. En síðar meir á það að velja sér

til forstöðumanns með flestum atkvæðisorðum, einn af þeim öllum samt, er fyrir þess hönd eru (það limirnir halda aldrei neina samkomu).

3. Þessir, er fyrir hönd félagsins tilsettir eru, eða þess forstjórar, eiga að vera tveir í hverri sýslu; og tilnefnast af forstöðumanni, en hann sjálfur skal vera sá annar í þeirri sýslu er hann býr í.

4. Sú er aðalskylda forstöðumanns, að hafa æðstu umsjón á öllu, og framkvæma allt það, er viðvíkur félagsins viðrhaldi, gagni og góða.

5. Á forstjórunum liggur skylda sú, að fá og útkjósa félagslimi af öllum þeim, er vistarveru hafa í sýslu þeirri, sem þeir eru forstjórar fyrir; safna til féhirslu tillagspeningum limanna; velja og útvega þær alnýtustu bækur fyrir mátulegasta verð; sjá fyrir, að þessar fari um kring (á meðal limanna) eftir þeim orðuvegi, og með slíkum flýtir, sem forstjórnir í sérhverri sýslu ráða nærmeir og fyrirsetja sjálfir; halda þeim að borga bækurnar, er skemma þær; og í öllum þeim hlutum, er þeir geta eigi sjálfir fært í lag, skulu þeir leita aðstoðar hjá forstöðumanni, eptir hvers úrskurði limirnir eiga þá að haga sér, að því leiti sem hann viðvíkur félagsins efnum.

6. Hver einn limur skal á því ári, sem hann gengur í félagið, greiða 2 ríkisdali til félagsbókakaups; en síðan 1 ríkisdal að eins árlega, til næsta forstjóra, fyrir Augusti mánaðarlok.

7. Jafnvel þó það í sjálfu sér tilheyri forstjórunum, að ákvarða hverjar bækur kaupa skuli handa sinni sýslu; þá megu þeir þó ekki synja að útvega eina bók, sem flestir félaga í sýslunni með einu atkvæði beiðast kynnu, nema því aðeins að eftir slíkri bók sé skrifað til annarrar hvorrar af hinum sýslunum; því eftir sömu bók, sem ein sýsla hefir skrifað eftir, má eigi skrifa handa nokkurri hinna; og þessvegna eiga forstjórnir í hverri sýslu að skrifa forstöðumanni til í tíma um það, eftir hverjum bókum þeir munu vilja skrifa það ár handa sínum sýslum, til þess að fá vitund um hjá honum, hvert skrifað verði eftir nokkrum af sömu bókum handa annarri sýslu; og beri svo til, þá á hann að sjá um, eftir því sem á stendur, að fá slíku umbreytt, á þann máta sem best hagar.

8. Árlega skulu þeir gjöra félagslimunum fullkominn, skýlausan, og réttan reikningsskap fyrir, hvartil varið sé öllum tillagsaurunum, sannaðan með reikningum hinna útlensku umboðsmanna, eða öðrum meðtækilegum skilríkjum.

9. Ef einhver sýsla kynni að missa þær bækur, er handa henni voru keyptar, fyrir sjóskaða eður annað óhappa-ferli, og þetta sannaðist með rekum, þá fær hún þó aungu að síður leyfi til, að lesa bækur hinna sýslanna. En skaðinn verði þeirra, er keypt höfðu.

10. Þær bækur, er á sagðan hátt útvegast, eiga fyrst að fara í þá sýslu, og lesnar vera af þeirrar sýslu félögum, er þær hefir keypt: þó má enginn halda einni bók eða fleirum lengur í senn, en svo, að bækurnar allar verði út lesnar á einu ári af öllu félaginu, eður af öllum þess limum í þessum 3 sýslum. Eigi heldur má neinn ljá félagsbækurnar öðrum útí frá að lesa, þeim sem ekki eru félagslimir, ella sekist öðrum tillagseyri fyrir það árið.

11. Sérhver félagslimur skal ábyrgjast þær bækur, er hann tekur við, þangað til hann sannar með rökum, að hann hafi fengið þær öðrum félaga í hendur óskemmdar. Sá, er þær raunar skemmdust hjá, frammar enn skikkanleg brúkan með sér leiðir, sá skal eignast þær, á móti greiðslu kaupverðsins. Skulu þessir peningar tilheyra almennri félagshirslu í sýslunni; sömuleiðis þær bækur, sem ófargaðar eru; þegar allt félagið er búið að lesa þær út, þá eiga þær að snúa aftur til þeirrar sýslu, er þær upphaflega tilheyrdi, og við opinbert uppboð seljast þeim, er mest býður fyrir; eftir það skal loksins skipta upphæðinni allri með öllum félagslimum, eftir tiltölu sérhvers tillagspeninga það árið er bækurnar voru keyptar.

12. Allar yfirsjónir á móti þessum og náttúrulegum lögum félagsins, skal bæta eftir atkvæði næsta forstjóra : en dugi ekki svo búið, þá skal tilkynna það forstöðumanninum, sem fyrst á að áminna hinn sakaða, sem hann hefir best vit á, og síðan straffa hann með útrekning úr félaginu, fyrir atkvæði allra forstjóranna. Og þetta seinasta er hið mesta straff sem félagsins lög af vita, að frá skildum þeim atburðum, þegar félagið kynni tjón að líða fyrir óréliga meðferð, sem einhvörr limur yrði sannur að, því þá skal hann, að auki þessa vítis, bæta tvöföldum skaða bótum.

13. Það er hverjum einum leyft, að skiljast við félagið, nær sem hann vill; en þó missir hann, eins og sá, er fyrir hegningarsakir er útrekinn úr því, sinn hluta af verði bóka þeirra, sem í þær mundir eru óseldar. En bækur þær, er félagið hafði kosið sér fyrir hans viðskilnað, er hinum fyrra leyft að lesa, en þeim síðara ekki.

14. Að ákvarða fleiri grundvallar laga greinir eða samþykktir fyrir þetta félag, það hafa menn, nú sem stendur, ekki álitid að vera nauðsynlegt. En ef fleiri ákvarðanir kynnu, af reynslunni að finnast nauðsynlegar, annaðhvort

af því, að félagið yrði mäske stærra með tímanum, eður af einhverri annarri orsök; þá hefir forstöðumaður myndugleik til, eftir ráðagjörð með öllum forstjórunum, að semja þann viðbætur við þessar samþykktir, er flestir af forstjórunum, ásamt með honum, kynnu að verða ásáttir um.

Samþykktunum var snarað í fljótheitum og lesendur eru beðnir að taka viljann fyrir verkið. ISS

This document was created with Win2PDF available at <http://www.daneprairie.com>.
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.